

**S A M K O M U L A G**  
**FJÁRMÁLARÁÐHERRA F.H. RÍKSSJÓÐS**  
**OG**  
**BANDALAGA RÍKISSTARFSMANNA,**  
**BSRB, KÍ OG BHM VEGNA SAMFLOTS BHM-FÉLAGA,**  
**UM FORSENDUÁKVÆÐI KJARASAMNINGA**  
**AÐILA FYRIR ÁRIÐ 2006**

Forsenduákvæði kjarasamninga aðila kveða á um að ef niðurstöður forsendunefnda ASÍ og SA fyrir almennan vinnuþétt leiða til breytinga á kjarasamningum árin 2005 og 2006 skuli sambærilegar breytingar gilda um samninga aðila. Á árinu 2006 varð niðurstaða forsendunefndar á almennum markaði sú að launaþróun frá júní 2005 til júní 2006 skyldi vera að lágmarki 5,5%. Í niðurstöðum hennar var reiknað með að í launaumhverfi almenna markaðarins skyldi fara um launaþróun skv. umsömdum launasamningum einstaklinga þar sem taxtalaunum sleppti.

Aðilar þessa samkomulags eru sammála um að gerð og eðli kjarasamninga þeirra í millum séu með þeim hætti að ákvæði um lágmarkslaunaþróun einstaklinga myndi riðla þeim launakerfum sem samið var um og því sé rétt að líta til launaþróunar hvers kjarasamnings svo sem gert er í samningunum. Með tilliti til launaþróunar er sátt um að ekki sé ástæða til að bregðast við niðurstöðum forsendunefndar fyrir árið 2006 fyrir utan þá hækkun lægstu launa sem gerð var í kjölfar úrskurðarins á síðasta ári.

Í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar 22. júní 2006, sem gefin var í tengslum við niðurstöðu forsendunefndar ASÍ og SA, er í 5. lið til viðbótar við almennar ráðstafanir gert ráð fyrir 120 milljóna hækkun á framlagi til þjónustusamnings menntamálaráðuneytisins og Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins. Aðilar eru sammála um hliðstæða styrkingu til eflingar mannauðs hjá ríkinu og mun fjármálaráðherra leggja til sérstakt framlag að fjárhæð 33 milljónir króna í þessu skyni frá árinu 2007. Aðilar munu gera með sér sérstakan samning um ráðstöfun þessa framlags og skiptingu á milli bandalaga og verkefna.

Reykjavík, 15. febrúar 2007

F.h. bandalaga ríkisstarfsmanna

F.h. fjármálaráðherra